



Ferðafólki boðið að bregða sér undir alvöru dúnsæng

- Sýning Æðarseturs Íslands opnuð í Norska húsinu í Stykkishólmi í vor
- Fræðsla um lifnaðarhætti æðarfugls ● Verslun með dúnsængur og listmuni

Helgi Bjarnason
helgi@mbi.is

Ferðafólk getur kynnt sér lifnaðarhætti æðarfuglsins á sýningu Æðarseturs Íslands sem opnuð verður í Norska húsinu í Stykkishólmi í vor, og keypt sér ekta dúnsængur og listmuni sem tengjast æðarfuglinum. Þá gefst gestum svítunnar á Hótel Stykkishólmi kostur á að kynna gæðum afurðanna af eigin raun með því að sofa undir dúnsæng.

Féðginin Friðrik Jónsson lækni og Erla Friðriksdóttir, fyrirverandi bæjarstjóri í Stykkishólmi, standa fyrir uppbyggingunni en þau reka dúnhreinsistöð og útflutningsfyrirtæki í Stykkishólmi.

„Ég kynntist þessu fyrst þegar við fluttum í Stykkishólmi en ég var þá átta ára. Pabbi keypti í félagi við fleiri Bjarneyjar á Breiðafirði. Ég fór alltaf með til að tína dún og ólst upp við þetta,“ segir Erla. Seinna vann hún við útflutning á dúni og rekstur dúnhreinsunarstöðvar, með öðrum störfum. „Í upphafi var markmið okkar að fullvinna dúnninn í sængur og flytja þannig út. Ekki hefur orðið úr því fyrr en nú,“ segir Erla.

Kynna fuglinn og nýtingu hans

Hugmyndin komst á framkvæmdastig eftir að Erla sat aðalfund Æðarræktarfélag Íslands í fyrra og hafði hlustað á fyrirlestur þar sem æðarþændur voru hvattir til að gera meiri verðmæti úr dúnninum með því að framleiða og selja fullunnar vör. Vitnað var til reynslu íbúa norskrar eyjar sem gert hafa veruleg verðmæti úr þeim litla dúni sem þar fellur til. „Ég hugsaði með mér: Ef



Æðardúnn Erla Friðriksdóttir og Friðrik Jónsson eru byrjuð að hreinsa dún í sængur sem seldar verða í verslun í Norska húsinu í sumar.

ekki í Stykkishólmi, þá hvar?”

Erla og Friðrik hafa nú komið sér upp aðstöðu til að fullhreinsa dún og framleiða sængur. Afurðin verður seld undir vörumerkinu Queen Eider. Jafnframt er unnið að undirbúningi sýningar Æðarseturs Íslands í Norska húsinu í samvinnu við Bygðasafn Snæfellinga. Sagt verður frá nýtingu æðarfuglsins og vinnubrögðum við hreinsun dúnsins. Það verður gert með myndum en einnig fengið fólk til að sýna gömlu vinnubrögðin. Þá er unnið að því í samvinnu við Náttúrustofu Vesturlands og Háskólasetu Snæfellsness að fræða gesti um æðarfuglinn og lifnaðarhætti hans. Minknum



LÆKNIR Í EYJABÚSKAP

Í náttúrunni

„Það er svo gaman að vera úti í náttúrunni og innan um fuglana,“ segir Friðrik Jónsson æðarbóndi. Friðrik starfaði um árabil sem héraðslæknir í Stykkishólmi en tók sér ávallt frí á sumrin til að sinna æðarvarpinu, fyrst í Bjarmeyjum og síðar í Hvallátrum þegar hann eignaðist hlut í þeim. Nú er hann kominn á eftirlaun og getur sinnt áhugamálinu af enn meiri krafti.

Friðrik segir að vegna þess hversu lengi æðarfuglinn hafi verið fríðaður hér sé hann mun gæfari en æðarfugl í öðrum löndum.

Æðarfugl

» Æðarfuglinn hefur verið alfríðaður á Íslandi í meira en 150 ár.

» Um þrjú af þeim fjórum tonnum af æðardúni sem framleidd eru í heiminum árlega verða til á Íslandi. Því má með nokkrum sanni segja að afurðin sé séríslensk.

» Eftirspurn eftir æðardúni hefur vaxið á ný og verð hækkað, eftir samdrátt á heimsmarkaði.

verða einnig gerð skil enda er hann einn helsti óvinur æðarfuglsins. Erla segir að reynt verði að kynna það merkilega samspil manns og fugls sem skapar verðmætin. Maðurinn verndi varpið og fái dún í staðinn. Sýningin verður opnuð í byrjun júní.

Listamenn að störfum

Í versluninni í Norska húsinu verður ekki aðeins boðið upp á sængur heldur einnig leitast við að finna fleiri vörur sem tengjast æðarfuglinum. Þannig eru þrjár listakonur á staðnum að búa til minjagripir sem tengjast fuglinum. Þá hefur Erla áhuga á að fá til liðs við sig hönnuði og framleiðendur á fatnaði eða útivistarvörum sem vildu nýta dún í vörur sínar.

Rúsinan í pylsuendanum er síðan samstarf við Hótel Stykkishólmi. Gestum svítunnar gefst kostur á að kynna þessari einstöku og nánast séríslensku afurð af eigin raun með því að sofa undir dúnsæng frá Queen Eider.

STAKSTEINAR

Áfram gegn hagsmunum Íslands

Innlendir og erlendir ráðamenn viðurkenna ekki opinberlega að tengsl séu á milli Icesave og ESB-aðildarumsóknar Íslands. Á bak við luktar dyr dettur hins vegar engum í hug að neita þessum tengslum.

Og tengslin komu glögg í ljós þegar Viðskiptablaðið lét kanna fyrir sig afstöðu til ESB-aðildar og stuðning við Icesave-lögin.



Þrír af hverjum fjórum þeirra sem segja já við aðild að ESB ætla að segja já við Icesave, sem er þrefalt meiri stuðningur en hjá þeim sem eru andvígir aðild að ESB.

Þetta er ekki aðeins af því að þessi hópur segi já við öllu umhugsunarlaust, heldur miklu frekar vegna þess að hann áttar sig á að Icesave-samningarnir eru liður í því að koma Íslandi inn í ESB.

Það er engin önnur ástæða fyrir því að Samfylkingin leggur slíkt ofurkapp á bæði þessi mál. Forysta þess flokks er einfaldlega tilbúin að greiða tugi eða hundruð milljarða fyrir aðgangsmiða að ESB.


Og nú er komin fram enn ein staðfestingin á þessum tengslum. Myndaður hefur verið hópur undir nafninu Áfram, sem berst fyrir því að Íslendingar hengi á sig löglausan skuldaklafann.

Í þessum hópi eru nánast eingöngu yfirlýstir stuðningsmenn aðildar Íslands að ESB.

Sumir telja öllu fórnandi til að flytja fullveldið til Brussel.

Hægt er að lýsa skoðun á ritstjórnargreinum Morgunblaðsins á slóðinni <http://mbi.is/mogginn/leidarar/>

VEÐUR KL. 12 Í DAG



Veður víða um heim 24.3., kl. 18.00

Reykjavík	5 rigning
Bolungarvík	0 skýjað
Akureyri	-2 snjócoma
Egilsstaðir	-3 snjócoma
Kirkjubæjarkld.	2 skydd
Nauk	-6 léttskýjað
Þórshöfn	7 alskýjað
Óslo	5 heískirt
Kaupmannahöfn	12 heískirt
Stokkholmur	5 heískirt
Helsinki	-1 heískirt
Lúxemborg	17 heískirt
Brussel	16 heískirt
Dublin	12 heískirt
Glasgow	13 léttskýjað
London	13 heískirt
Paris	18 heískirt
Amsterdam	15 léttskýjað
Hamburg	12 léttskýjað
Berlin	15 léttskýjað
Vín	18 léttskýjað
Moskva	-1 skafrenningur
Algarve	18 léttskýjað
Madrid	8 alskýjað
Barcelona	15 léttskýjað
Mallorca	16 léttskýjað
Róm	16 heískirt
Ápna	13 léttskýjað
Winnipeg	-6 heískirt
Montreal	-2 snjócoma
New York	2 alskýjað
Chicago	0 alskýjað
Orlando	26 léttskýjað

25. mars	Sólarupprás	Sólaetir	Tungud
REYKJAVÍK	7:12	19:57	
ÍSAFJÖRDUR	7:14	20:04	
SGILUFJÖRDUR	6:57	19:47	
DÚPFIÖGUR	6:41	19:27	